



# Skipulagsmál sveitarfélaga

Endurskoðunarskýrsla fyrir 2017

# Efnisyfirlit

1	Inngangur .....	3
2	Niðurstöður og ábendingar .....	4
3	Fjárveitingar og rekstur .....	5
3.1	Fjárveitingar .....	5
3.2	Rekstrarátætlun.....	5
3.3	Niðurstaða.....	5
4	Innra eftirlit og fylgni við lög og reglur .....	6
4.1	Inngangur .....	6
4.2	Umfjöllun .....	6
4.3	Niðurstaða.....	6
5	Endurskoðun efnahagsliða .....	7
5.1	Eignir .....	7
5.1.1	Inneign hjá ríkissjóði .....	7
5.2	Eigið fé og skuldir .....	7
5.2.1	Höfuðstóll og bundið eigið fé.....	7
5.2.2	Skammtímaskuldir .....	7
5.3	Niðurstaða.....	7
6	Önnur atriði .....	8
6.1	Staðfestingarbréf stjórnenda .....	8
6.2	Lögfræðibréf .....	8
6.3	Óhæðisyfirlýsing.....	8
6.4	Umfang endurskoðunar .....	8

# 1 Inngangur

Ríkisendurskoðun hefur lokið endurskoðun á fjárlagalið 14-303 Skipulagsmál sveitarfélaga fyrir árið 2017.

Endurskoðunin byggir á bókhaldi fjárlagaliðarins og þeim niðurstöðum sem liggja fyrir við skoðun fyrir árið 2017.

Endurskoðað var á grundvelli alþjóðlegra staðla um opinbera endurskoðun. Byggt er á skipulögðu ferli aðgerða og faglegu mati sem miðar að því að staðfesta fjárhæðir og aðrar upplýsingar í ársreikningnum. Endurskoðunin fól meðal annars í sér áhættugreiningu og áhættumat ásamt almennum greiningaraðferðum og úrtakskönnunum og athugunum á gögnum til að sannreyna fjárhæðir og aðrar fyrirbyggjandi upplýsingar.

Í samræmi við 5. grein laga nr. 46/2016 um ríkisendurskoðanda og endurskoðun ríkisreikninga tók endurskoðunin mið af eftirfarandi:

- ✓ Að reikningsskil gefi glögga mynd af rekstri, fjárhagslegri stöðu og breytingu á henni á árinu í samræmi við settar reikningsskilareglur fyrir opinbera aðila.
- ✓ Að kanna innra eftirlit og hvort það tryggir viðunandi árangur.
- ✓ Að rekstur og umsvif séu í samræmi við heimildir fjárlaga, fjáraukalaga og annarra laga, lögmæt fyrirmæli, samninga og starfsvenjur þar sem það á við.

Ríkisendurskoðun vekur athygli á því að vegna tafa við innleiðingu á lögum nr. 123/2015 um opinber fjármál og þar með gerð stofnefnahagsreikninga, hefur ekki verið lokið við ársreikning fjárlagaliðarins og tekur endurskoðunin mið af því að ekki er fyrirbyggjandi ársreikningur. Stjórnendur Skipulagsstofnunar, sem eru ábyrgir fyrir gerð og framsetningu reikningsskila fjárlagaliðar 14-303 Skipulagsmál sveitarfélaga og jafnframt ábyrgir gagnvart notendum reikningsskilanna, telja reikningsskilum lokið af sinni hálfu.

Ársreikningur fjárlagaliðar 14-303 Skipulagsmála sveitarfélaga var síðast endurskoðaður árið 2013 vegna ársins 2012.

## 2 Niðurstöður og ábendingar

Endurskoðun fjárlagaliðar 14-303 Skipulagsmál sveitarfélaga fyrir árið 2017 er lokið. Eftirfarandi eru niðurstöður og þær ábendingar sem Ríkisendurskoðun vill koma á framfæri vegna endurskoðunarinnar.

### 1. Fjárveitingar og rekstur

Á árinu 2017 voru gjöld og úthlutanir umfram rekstrartekjur Skipulagsmála sveitarfélaga 3,1 m.kr. hærrí en fjárveitingar. Höfuðstóll, sem var jákvæður um 167,1 m.kr., lækkaði því um sömu fjárhæð. Rekstraráætlanir voru ekki skráðar í fjárhagskerfi ríkisins. Ríkisendurskoðun mælist til að áætlanir verði framvegis skráðar í fjárhagskerfið.

### 2. Innra eftirlit og fylgni við lög og reglur

Endurskoðun á virkni innra eftirlits hjá fjárlagaliðnum 14-303 Skipulagsmál sveitarfélaga varðandi fjármál og bókhald var án athugasemda og í föstum skorðum hjá Skipulagsstofnun.

### 3. Endurskoðun efnahagsliða

Endurskoðun efnahagsliða var án athugasemda.

## 3 Fjárveitingar og rekstur

### 3.1 Fjárveitingar

Fjárveitingar samkvæmt orðskýringum í 5. tl. 3. gr. laga um opinber fjármál nr. 123/2015 eru ráðstöfun fjárheimildar á tilteknu fjárlagaári til ríkisaðila, verkefna eða varasjóðs en fjárheimild er heimild Alþingis, sem veitt er í fjárlögum og fjáraulögum, til ráðstöfunar á opinberu fé til málefnasviða og málaflokka.

Fjárveiting ársins 2017 til Skipulagsmála sveitarfélaga nam 196,5 m.kr. eins og kemur fram í fylgiriti með fjárlögum 2017 og varð það heildarfjárveiting ársins 2017. Rekstrargjöld og fjármagnstilfærslur á árinu námu 199,6 m.kr. sem er 3,1 m.kr. umfram fjárveitingu. Eftirfarandi tafla sýnir samanburð á fjárveitingum og rekstri á árinu 2017.

Í þús. kr.	Fjárveitingar 2017	Rekstur 2017	Frávik 2017	Rekstur 2016
Rekstrartekjur	0	0	0	-384.948
Rekstrargjöld	0	12.478	-12.478	9.762
Fjármagnstilfærslur	196.500	187.088	9.412	149.954
<b>Samtals</b>	196.500	199.566	-3.066	-225.232

Helstu breytingar á tekjuliðum frá fyrra ári stafa af breytingu vegna laga um opinber fjármál. Sá hluti ríkistekna sem flokkast sem markaðar tekjur bókfærast hjá ríkissjóði frá og með 1. janúar 2017 en bókfærðust áður hjá stofnuninni. Lækkun ríkistekna á milli ára skýrist af því.

Rekstrargjöld, alls 12,5 m.kr., eru kostnaðarhlutdeild í verkefni sem einnig er greitt af Skipulagsstofnun og er kostnaðarþátttakan með heimild í lögum. Þeirri ábendingu er því beint til Skipulagsstofnunar og Fjársýslu ríkisins að yfirfara hvort eðli máls samkvæmt sé ekki um fjármagnstilfærslu að ræða og haga bókun eftir því. Fjármagnstilfærslur voru 176,1 m.kr. úthlutanir til sveitarfélaga sem er aukning um 31,6 m.kr. frá fyrra ári og 11,0 m.kr. úthlutanir til fyrirtækja og annarra aðila sem er aukning um 4,9 m.kr.

### 3.2 Rekstraráætlun

Ríkisendurskoðun leggur áherslu á að vandað sé til áætlanagerðar og að rekstraráætlun sé skráð í fjárhagskerfi ríkisins. Rekstraráætlun Skipulagsmála sveitarfélaga var ekki skráð í fjárhagskerfið fyrir árið 2017.

### 3.3 Niðurstaða

Á árinu 2017 voru gjöld og úthlutanir umfram rekstrartekjur Skipulagsmála sveitarfélaga 3,1 m.kr. hærrí en fjárveitingar. Höfuðstóll sem var jákvæður um 167,1 m.kr. lækkaði því um sömur fjárhæð. Rekstraráætlunir voru ekki skráðar í fjárhagskerfi ríkisins og bæta þarf úr því.

## 4 Innra eftirlit og fylgni við lög og reglur

### 4.1 Inngangur

Forstjóri Skipulagsstofnunar ber ábyrgð á framkvæmd innra eftirlits hjá fjárlagaliðnum. Innra eftirlit felur í sér þær reglubundnu aðgerðir og ráðstafanir sem hlutaðeigandi aðili gerir til að stuðla að hagkvæmni rekstrar, öryggi fjármuna, áreiðanleika upplýsinga og almennt að því að markmiðum starfseminnar verði náð og fylgt sé lögum og reglum.

Ríkisendurskoðun ber skv. lögum að kanna innra eftirlit og meta hvort það tryggir viðeigandi árangur. Fjárhagsendurskoðun tekur einnig mið af því hvort rekstur fjárlagaliðarins hafi verið í samræmi við lög eftir því sem við á, lögmæt fyrirmæli og samninga þar sem það á við.

### 4.2 Umfjöllun

Í skipulagslögum nr. 123/2010 er kveðið á um skipulagsgjald sem er ætlað að standa straum af kostnaði við gerð aðal- og svæðisskipulagsáætlana og þróunarverkefna og rannsókna á sviði skipulagsmála og nýttast sveitarfélögum við gerð skipulagsáætlana. Skipulagsgjald rennur í Skipulagssjóð. Skipulagsstofnun annast vörslu sjóðsins og greiðslur úr honum. Sjóðurinn skal vera óháður rekstri stofnunarinnar. Af nýbyggingum sem virtar eru til brunabóta er greitt 0,3% af brunabótamati hvernar húseignar og einnig af viðbyggingum við eldri hús ef virðingarverð hinnar nýju viðbyggingar nemur a.m.k. 1/5 af verði eldra hússins. Frá og með árinu 2017 rennur gjaldið í ríkissjóð en fjármagnstilfærslur koma til úthlutunar.

Í 18. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 eru ákvæði um kostnaðarpáttöku skipulagssjóðs vegna skipulagsvinnu sveitarfélaga. Geta þau fengið allt að helmingi kostnaðar endurgreiddan.

Aðgreining starfa er við afgreiðslu beiðna um kostnaðarframlag og endurgreiðslur, sem stuðlar að innra eftirliti og annarri reglu á bókhaldi og fjármálum fjárlagaliðarins:

- ✓ Sviðsstjóri aðalskipulagssviðs Skipulagsstofnunar fer yfir erindi þar sem óskað er eftir kostnaðarframlagi og gerir tillögu að afgreiðslu til forstjóra Skipulagsstofnunar.
- ✓ Kostnaðaráætlanir eru yfirfarnar.
- ✓ Kostnaðarhlutdeild í kostnaði Skipulagsstofnunar við sameiginlegt verkefni er háð samþykki ráðherra umhverfis- og auðlindaráðuneytis.

### 4.3 Niðurstaða

Endurskoðun á virkni innra eftirlits hjá fjárlagaliðnum 14-303 *Skipulagsmál sveitarfélaga* varðandi fjármál og bókhald var án athugasemda og í föstum skorðum hjá Skipulagsstofnun.

## 5 Endurskoðun efnahagsliða

Samkvæmt stöðu bókhalds í árslok 2017, þegar endurskoðun fór fram í ágúst 2018, námu eignir 2.412,7 m.kr., skuldir námu 215,3 m.kr. og eigið fé í árslok nam samtals 2.197,4 m.kr. Eigið fé skiptist í höfuðstól sem var jákvæður um 164,0 m.kr. og bundið eigið fé 2.033,4 m.kr.

Í þús.kr.	2017	2016	Breyting
Eignir:			
Inneign hjá ríkissjóði	2.412.745	2.322.384	90.361
Skammtímakröfur	0	82.329	-82.329
Eignir alls	2.412.745	2.404.713	8.032
Eigið fé og skuldir:			
Höfuðstóll	164.040	167.106	-3.066
Bundið eigið fé	2.033.398	2.033.398	0
Skammtímaskuldir	215.307	204.209	11.098
Eigið fé og skuldir alls	2.412.745	2.404.713	8.032

### 5.1 Eignir

#### 5.1.1 Inneign hjá ríkissjóði

Inneign á viðskiptareikningi hjá ríkissjóði nam 2.412,7 m.kr. Þar af er eign vegna bundins eign fjár 2.033,4 m.kr. Bundið eigið fé stafar af mörkuðum tekjum fyrri ára og er óbreytt frá stofnefnahagsreikningi pr. 1. janúar 2017.

### 5.2 Eigið fé og skuldir

#### 5.2.1 Höfuðstóll og bundið eigið fé

Höfuðstóll nam 164,0 m.kr. í árslok 2017 og lækkaði um 3,1 m.kr. frá fyrra ári eða sem nam tekjuhalla ársins. Bundið eigið fé nam 2.033,4 m.kr. í árslok 2017 og var óbreytt frá fyrra ári en um er að ræða markaðar tekjur sem renna nú í ríkissjóð.

#### 5.2.2 Skammtímaskuldir

Skammtímaskuldir námu 215,3 m.kr. í árslok 2017 og eru tilkomnar vegna skuldbindinga um endurgreiðslu til sveitarfélaga sem dreifist á fleiri en eitt ár.

### 5.3 Niðurstaða

Endurskoðun efnahagsliða var án athugasemda.

## 6 Önnur atriði

### 6.1 Staðfestingarbréf stjórnenda

Staðfestingarbréf stjórnenda var samþykkt og undirritað af forstjóra Skipulagsstofnunar.

### 6.2 Lögfræðibréf

Ekki kom fram kostnaður vegna lögfræðipjónustu árið 2017 í bókhaldi Skipulagsstofnunar og samkvæmt upplýsingum forstjóra Skipulagsstofnunar, m.a. í staðfestingarbréfi stjórnenda, voru engin málaferli í gangi varðandi stofnunina.

### 6.3 Óhæðisyfirlýsing

Fyrir liggja undirritaðar óhæðisyfirlýsingar þeirra starfsmanna Ríkisendurskoðunar sem sáu um endurskoðun hjá Skipulagsstofnun og fjárlagaliðnum Skipulagsmál sveitarfélaga.

### 6.4 Umfang endurskoðunar

Yfirlýsing um umfang endurskoðunar hjá Skipulagsstofnun var undirrituð af ríkisendurskoðanda og forstjóra Skipulagsstofnunar þann 24. maí 2017 en Skipulagsstofnun sér um fjármál og bókhald fjárlagaliðarins Skipulagsmál sveitarfélaga.

Í yfirlýsingunni er gerð grein fyrir ábyrgð og hlutverki hvors aðila varðandi reikningskil fjárlagaliðarins.





Ríkisendurskoðun  
Bréttartúni 7 - 105 Reykjavík  
Sími 569-7100

[postur@rikisend.is](mailto:postur@rikisend.is) - [www.rikisendurskodun.is](http://www.rikisendurskodun.is)